# Miðvikudagur 9. ágúst

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
19.20 **Barði Hamar** (Sledge Hammer). Bandarískur gamanmyndaflokkur með David Rasche í hlutverki rannsóknarlögreglumanns sem er svo harður í horn að taka að aðrir harðjaxlar virðast mestu rindilmenni. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Grænir fingur (16).** Þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar. Í þessum þætti verður fjallað um rósir.
20.45 **Sígaunar í Ungverjalandi** (Vlach Gypsies of Hungary). Bresk heimildamynd um þjóðflokk sem berst fyrir tilveru sinni. Þýðandi og þulur Stefán Jökulsson.
21.40 **Steinsteypuviðgerðir og varnir.** Sjötti þáttur – Klæðning eða múreinangrun húsa. Þáttur unninn á vegum Byggingaþjónustunnar. Handrit: Sigurður H. Richter.
21.50 **Matthías sálugi** (Due Vitae di Mattia Pascal). Ítölsk kvikmynd gerð eftir sögu Luigi Pirandello. Leikstjóri Mario Monicelli. Aðalhlutverk Marcello Mastroianni, Flavio Bucci, Laura del Sol og Laura Morante. Mattia Pascal er hálfgerður ónytjungur. Hins vegar er hann vinsæll hjá kvenþjóðinni þótt sum ástarsamböndin vari ekki lengi. Þegar honum býðst að byrja nýtt líf tekur hann því feginshendi en lífið er fallvalt og grár hversdagsleikinn aldrei langt undan. Þýðandi Steinar V. Árnason.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Matthías..framh.**
0.10 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45. **Santa Barbara.**
17.30 **Stormasamt líf.** Romantic Comedy. Bráðskemmtileg gamanmynd þar sem Dudley Moore leikur rithöfund nokkurn sem nýlega er genginn í það heilaga. Stuttu eftir brúðkaupið kynnist hann konu sem fer að starfa með honum við leikritagerð. Kona þessi ruglar hann alveg í ríminu og fer þá gamanið heldur betur að kárna. Aðalhlutverk: Dudley Moore, Mary Steenburgen, Frances Sternhagen og Janet Eiber.
19.19 **19:19.** Fréttir, veður, íþróttir, menning og listir, fréttaskýringar og umfjöllun.
20.00 **Sögur úr Andabæ.** Tilvalin teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.
20.30 **Bein lína.** Síminn er 673888. Liggur þér eitthvað á hjarta? Þetta er tækifæri áskrifenda og annarra áhugamanna um Stöð 2 til þess að segja okkur hvað þér finnst um dagskrána og þjónustu okkar við þig. Umsjón: Jón Óttar Ragnarsson.
21.00 **Falcon Crest.** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
21.55 **Bjargvætturinn.** Equalizer. Vinsæll spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Edward Woodward.
22.45 **David Lander.** This Is David Lander. Megum við kynna David Lander? Mann sem ekki er hræddur við að spyrja viðkvæmra spurninga, ekki hræddur við að rannsaka viðkvæm mál og ekki hræddur um viðkvæmari líkamsparta sína ef hann nær í fréttina... Stephen Fry fer með aðalhlutverk rannsóknarblaðamannsins í þessum óborganlegu nýju bresku gamanþáttum. Lander kemur upp um gagnnjósnara í Búlgaríu, listaverkaþjófnaður aldarinnar er hans mál og svo mætti lengi telja. Meðal þeirra sem koma fram eru Frances Barber, Philip Pope, Juliet Stevenson, Tony Robinson, Alun Armstrong og Rosemary Martin.
23.10 **Sögur að handan.** Tales from the Darkside. Hryllingur og spenna.
23.35 **Fertugasta og fimmta lögregluumdæmi.** New Centurions. Spennandi lögreglumynd þar sem þeir George C. Scott og Stacy Keach fara á kostum í hlutverkum lögreglumanna í glæpahverfum stórborgar.

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Gunnar Kristjánsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Ingveldi Ólafsdóttur.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Nýjar sögur af Markúsi Árelíusi eftir Helga Guðmundsson. Höfundur les (3). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.) (Áður á dagskrá 1985.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Kristján Guðmundur Arngrímsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Þræðir** – Úr heimi bókmenntanna. Umsjón: Símon Jón Jóhannsson. Lesari: Viðar Eggertsson.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Gömul húsgögn. Umsjón: Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri)
13.35 **Miðdegissagan:** Pelastikk eftir Guðlaug Arason. Guðmundur Ólafsson les (7).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Sigurður Alfonsson. (Endurtekinn þáttur frá sunnudagskvöldi.)
14.45 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** ●Þuríður Pálsdóttir syngur þrjú lög eftir Pál Ísólfsson. ●Karlaraddir Skagfirsku söngsveitarinnar syngja Stjána bláa eftir Sigfús Halldórsson.
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Á ferð og hugarflugi.** Sagðar ótrúlegar ferða- og þjóðsögur úr samtímanum sem tengjast verslunarmannahelgi og ýmis verslunarmannahelgarhljóð fylgja með. Umsjón: Freyr Þormóðsson. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Í Hallgrímskirkjuturni. Meðal annars verður farið í gönguskóna og labbað upp í Hallgrímskirkjuturn og útsýnið þaðan skoðað. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Poulenc, Ravel og Saint-Saens.
18.00 **Fréttir.** .
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Nýjar sögur af Markúsi Árelíusi eftir Helga Guðmundsson. Höfundur les (3). (Endurtekinn frá morgni.) (Áður flutt 1985.)
20.15 **Frá norrænum tónlistardögum í Stokkhólmi í fyrrahaust.** ●Þrenning fyrir klarinettu, selló og píanó eftir Misti Þorkelsdóttur. ●Resonance (Endurómun) fyrir píanó eftir Anders Nilson. ●Tríó fyrir fiðlu, selló og píanó eftir Karólínu Eiríksdóttur. ●Þrjú kórlög eftir Arne Nordheim. Umsjón: Jónas Tómasson
21.00 **Vestfirðir,** landið og sagan. Frá Reykhólum. Umsjón: Hlynur Þór Magnússon. (Frá Ísafirði)
21.40 **Teigahverfin.** Jón frá Pálmholti les úr ljóðabók sinni.
21.50 **Vondur strákur,** smásaga eftir Anton Tsjekov. Þórdís Arnljótsdóttir les.
22.00 **Fréttir.** .
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Að framkvæma fyrst og hugsa síðar.** Fjórði þáttur af sex í umsjá Smára Sigurðssonar. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað kl. 15.03 á föstudag.)
23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 2.05.)
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Guðrún Gunnarsdóttir, Þorsteinn J. Vilhjálmsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin** – Undanúrslit í Bikarkeppni Knattspyrnusambands Íslands. Íþróttafréttamenn fylgjast með og lýsa leikjum; ÍBV–KR og ÍBK–Fram
21.00 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Vernharður Linnet og Atli Rafn Sigurðsson.
22.07 **Á rólinu** með Pétri Grétarssyni.
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

1.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Í fjósinu.** Bandarísk sveitatónlist.
3.00 **Rómantíski róbótinn.**
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10.)
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið. Bibba í heimsreisu kl. 10.30.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu. Bibba í heimsreisu kl. 17.30.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Þægileg tónlist í klukkustund.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög, og ávallt í sambandi við íþróttadeildina þegar við á.
24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** Morgunhress í meira lagi. Fréttir kl. 8 og 10. Stjörnuskot kl. 9 og 11.
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Hádegisverðarpottur Stjörnunnar og Hard rock, Bibba og fleira. Bibba í heimsreisu kl. 10.30.
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Lögin við vinnuna. Stjörnuskáldið valið kl. 16.30. Hlustendur láta í sér heyra. Bibba í heimsreisu kl. 17.30.
19.00 **Kristófer Helgason.** Maður unga fólksins með ný lög úr öllum áttum og óskalög hlustenda.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
12.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur. E.
14.30 **Á mannlegu nótunum.** Flokkur mannsins. E.
15.30 **Samtök græningja.** E
16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Arnar Kristinsson leikur tónlist.**
18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
19.00 **Hlustið.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristins Pálssonar.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Júlíus Schopka.
21.00 **Í eldri kantinum.** Tónlistarþáttur í umsjá Jóhönnu og Jóns Samúels.
22.00 **Magnamín.** Tónlistarþáttur með Ágústi Magnússyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Snorri Már Skúlason.**
1.00– 7 **Tómas Hilmar.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur með ráðleggingum.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Sylvanians.** Teiknimyndasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.30 **Hey Dad.** Gamanmyndaflokkur.
19.00 **Mr. Belvedere.** Gamanmyndaflokkur.
19.30 **Trapper John.** Gamanmyndaflokkur.
20.30 **Rush.** Framhaldsmyndaflokkur.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Golden Soak.** Ævintýraþáttur.

## SKY MOVIES

13.00 **Carousel.**
15.15 **Peter-No-Tail.**
17.00 **The Frisco Kid.**
19.00 **At Close Range.**
21.00 **Raw Deal.**
22.40 **Performance.**
00.25 **The Hitchhiker.**
00.55 **9 1/2 Weeks.**
03.00 **At Close Range.**

## EUROSPORT

9.30 **Heimsleikar.** Ýmsar íþróttir.
10.30 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
11.30 **Hestaíþróttir.**
12.30 **Golf kvenna.**
13.30 **Hjólreiðar.**
14.30 **Frjálsar íþróttir.**
15.30 **Eurosport Menu.**
16.00 **Heimsleikar.**
17.00 **Trans World Sport.** Íþróttafréttir.
18.00 **Hrossasýning.**
19.00 **Bogfimi.**
20.00 **Frjálsar íþróttir.**
21.00 **Knattspyrna.** Frá heimsmeistarakeppninni.
22.00 **Heimsleikar.**

## SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Transmission.** Popp í Englandi.
17.30 **Lenny Henry.** Gamanmál.
18.00 **Mutiny.** Kvikmynd.
19.30 **Euromagzine.** Fréttaþáttur.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Burke's Law.** Spennumyndaflokkur.
20.55 **Barnaby Jones.**
21.50 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Tríó fyrir fiðlu, selló og píanó eftir Karólínu Eiríksdóttur er eitt þeirra verka er flutt verða í kvöld.**

### Rás 1 kl. 20.15:

# Norrænir tónlistardagar

Dagskrá frá Norrænum tónlistardögum í Stokkhólmi í fyrra haust. Norrænir tónlistardagar voru fyrst haldnir í Kaupmannahöfn árið 1888 og hafa þeir æ síðan verið vettvangur fremstu tónlistarmanna er starfa á Norðurlöndunum hverju sinni, bæði höfunda og flytjenda.

Þessir dagar eru nú haldnir annað hvert ár í höfuðborgum Norðurlandanna til skiptis. Ísland gat fyrst boðið þessum dögum heim árið 1956. Þeir hafa síðan verið haldnir hér á tíu ára fresti, síðast árið 1986.

Í þættinum í kvöld verða kynnt fjögur verk. Þau eru: Þrenning fyrir klarinettu, selló og píanó eftir Mist Þorkelsdóttur, Resonance (Endurómun) fyrir píanó eftir Svíann Anders Nilson, Tríó fyrir fiðlu, selló og píanó eftir Karólínu Eiríksdóttur og þrjú kórlög eftir norska skáldið Arne Nordheim. Umsjónarmaður er Jónas Tómasson.

### Stöð 2 kl. 22.45:

# Gamansamur rannsóknarblaðamaður



**David Lander afhjúpar nokkur mjög mikilvæg mál á ferli sínum.**

David Lander nefnast nýir, breskir gamanþættir, sem hefja göngu sína á Stöð 2, um samnefndan rannsóknarblaðamann. Þættir þessir eru í heimildarmyndaformi og segja frá blaðamanni sem lætur ekkert stoppa sig í leit sinni að fréttaefni. Hann er ekki hræddur við að spyrja viðkvæmra spurninga í meðhöndlun viðkvæmra mála.

Þessi atorkusami rannsóknarblaðamaður, sem hefur það að leiðarljósi að almenningur eigi rétt á að vita hvað er að gerast, afhjúpar nokkur mjög mikilvæg mál á ferli sínum.

Meðal annars kemur Lander upp um gagnnjósnara í Búlgaríu og einnig tekur hann til meðferðar listaverkaþjófnað aldarinnar og mál dularfulls skurðlæknis sem rekur víðtæka starfsemi í meðhöndlun offituvanda.

Stephen Fry fer með hlutverk Landers í þáttunum sem eru sex að tölu. -gh

### Rás 2 kl. 19.32:

# Undanúrslit í bikarkeppninni

Undanúrslit í bikarkeppni knattspyrnusambandsins er í fullum gangi og verður bein útsending frá tveim leikjum á rás 2.

Að þessu sinni eru það Keflvíkingar sem fá Íslandsmeistara Fram í heimsókn til Keflavíkur og tvö fornfræg félög mætast í Vestmannaeyjum. Þar keppa heimamenn við KR sem nú keppir að því að vinna bikarinn í fyrsta sinn í tuttugu ár. Eyjamenn, sem keppa í annarri deild, hafa lagt tvö fyrstu deildar lið að velli á sinni leið í undanúrslitin og ætla sér örugglega sigur á KR-ingum á heimavelli.

Lýsingin á rás 2 hefst strax að loknum kvöldfréttum. Er henni útvarpað á FM og einnig á stuttbylgju en allar beinar lýsingar Ríkisútvarpsins eru einnig sendar út á stuttbylgju og tíðnin er iðulega auglýst í kvöldfréttum sama dag og útsending fer fram. -gh